

14. febrúar 2007  
SI-32274

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 1. febrúar 2007 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um hlutafélög o.fl., 516. mál, EES-reglur.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram að með samþykkt þess verði innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/56/EB frá 26. október 2005 um millilandasamruna félaga með takmarkaða ábyrgð, en að jafnframt sé höfð hliðsjón af dómi dómstóls Evrópusambandsins frá 13. desember 2005 í máli C/411/03, Sevic Systems (Sevic-málinu). Með lagafrumvarpinu sé gert ráð fyrir kerfi sem svarar til ákvæða í lögum nr. 26/2004, um Evrópufélög. Þá segir einnig að við samningu frumvarpsins hafi verið höfð hliðsjón af drögum að dönsku lagafrumvarpi um sama efni.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið, enda virðist fyrst og fremst um lögleiðingu á tilskipun að ræða sem þegar hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri